

Í GOTT SAMFÉLAG ÞARF

Jákvæðni, samvinnu, virðingu,
vináttu, félagslíf, traust,
fordómaleysi, hjálpsemi,
umhyggju

VIÐ VILJUM...

... betri gangstéttir og
hjólastíga, fleiri ruslatunnur,
húsnæði fyrir félagsmiðstöð,
meiri afþreyingu

ÞAÐ ÞARF AÐ...

... vinna að markvissri uppbyggingu
af jákvæðum minningum hjá
börnum.
... stjórnendur þurfa að taka
virkan þátt í samfélaginu

ÞAÐ ÞARF AÐ...

...stuðla að heilbrigðum
samskiptum milli íbúa
...ræða ákvarðanir við íbúa
og fá endurgjöf

HVAÐ ER TOGKRAFTUR

Gott íþróttastarf fyrir börn,
vinir og fjölskylda, náði
samfélag, stutt að fara,
öryggi, búðin mín


HVAÐ ER ÝTIAFL

Neikvæðni og tuð, lítið úrval
af íþróttum, slúður, fordómar,
lítið af húsnæði, fábreytt
vinna, lítið samfélag

BYGGÐA BRAGUR

VERKFAÆRAKISTA UNGA FÓLKSINS

Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLKSINS

Þátttakendur í vinnustofu
voru Ungmennaráð
Langanesbyggðar,
Ungmennaráð Norðurlands og
Ungmennaráð
Þingeyjarsveitar.

Byggðabragur – verkfærakista unga fólksins inniheldur niðurstöður úr samnefndri vinnustofu sem fór fram á Húsavík 20. febrúar 2025. Verkefnisstjóri er Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur í rannsóknum hjá Rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst.

Gestafyrirlesari var Huguína Harpa Reynisdóttir, forstöðumaður Nýheima á Höfn en þar hafa þau áralanga reynslu af ungmennaverkefnum. Sú vinna hefur nú skilað sér í verkefninu Heimahöfn (heimahofn.is) sem er spennandi og áhugavert verkefni sem vert er að gefa gaum.

Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum hefur um nokkurn tíma rannsakað byggðabrag, og var umfangsmikil rannsókn gerð árin 2022-2023 á þremur sveitarfélögum. Niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt í skýrslunni Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum. Í framhaldi voru niðurstöður dregnar saman í styttri og skilvirkari samantekt, sem ber nafnið Byggðabragur: Verkfærakista ætluð sveitarfélögum. Sú skýrsla var notuð til grundvallar í þessari vinnu með unga fólkinu, þar sem tilgangurinn var að þau myndi rýna til gagns verkfærin sem fullorðin fólk telur gagnast sveitarfélögunum.


Stéttin á Húsavík styrkti
verkefnið líka með aðstöðu
fyrir vinnustofuna


Verkefnið er styrkt af
Uppbyggjarsjóði
Norðurlands Eystra



Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY





BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLSINS

ÞAÐ ÞARF LÍKA...

Samúð, hlusta á öll,
jafnrétti, nóg af atvinnu,
íþróttastarf, húsnæði,
gróður og tré, gangstéttir
og hjólastíga, samvinnu, vini,
fjölskylda



HVAÐ ÞARF GOTT SAMFÉLAG AÐ HAFA

JÁKVÆÐNI

SAMVINNU

TRAUST

VINÁTTU

UMHYGGJU

VIÐINGU

FORDÓMALEYSI


HJÁLPSEMI

FÉLAGSLÍF



Þessi 9 orð voru það fyrsta sem ungmennin komu með, aðspurð um hvað gott samfélag
þarf að hafa

Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLSINS

ÞAÐ ÞARF LÍKA...


Góða skóla, öruggt
samfélag, gott
heilbrigðiskerfi



Ungmennin fengu eftirfarandi lista, sem er samantekt úr skýrslunni Byggðabragur verkfaerakista fyrir sveitarfélög. Þau voru beðin að raða atriðunum upp eftir mikilvægi og einnig beðin að bæta við ef þeim fannst eitthvað vanta. Þetta eru þættir sem settir eru saman af fullorðnu fólki fyrir fullorðið fólk, en þeirra röðun skiptir líka máli.

1. Það þarf að stuðla að heilbrigðum samskiptamynstrum milli íbúa
2. Stjórnendur þurfa að taka virkan þátt í samfélaginu
3. Ræða ákvarðanir við íbúa og fá endurgjöf
4. Það þarf að skapa vellíðan í samfélaginu
5. Markviss uppbygging jákvæðra minninga hjá börnum
6. Fólk þarf að finna að það er hluti af heildinni
7. Stjórnendur þurfa að læra af öðrum sveitarfélögum
8. Betra samband sveitarfélagsins við þarfir og óskir íbúa
9. Íbúaviðburðir – opnar skemmtanir fyrir öll
10. Deila jákvæðum fréttum til að skapa stemmingu
11. Skapa stolt yfir samfélaginu
12. Íbúar þurfa að þekkja menningu og sögu staðarins
13. Útlit bæja þarf að vera snyrtilegt og fallegt
14. Fagna litlu sigrunum
15. Það þarf að laða að og hvetja barnafólk til að flytja
16. Það þarf að fagna mistökunum og læra af þeim
17. Allir þurfa að finna að þeirra framlag sé metið að verðleikum

Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLSINS

Ungmennin voru beðin að setja uppá töflu hvert fyrir sig ýtiáfl og togkraft í sínum samfélögum eða það sem þau sjá sem slíkt. Ýtiáfl var útskýrt sem eitthvað sem fær þig til að hugsa að þig langi ekki að búa í samfélaginu, eitthvað sem gæti ýtt þér út eða er neikvætt við samfélagið. Togkraftur var útskýrður sem aðdráttarafl, eitthvað sem dregur þau að því að búa í samfélaginu eða fær þeim til að líða vel í samfélaginu sínu.


TOGKRAFTUR



Vinir, vinir og fjölskylda, vinir
Fjölskyldan og vinirnir
Veðurfar, Öryggi
Gott skólakerfi
Gott samfélag
Heilbrigðisþjónusta
Íþróttastarfið, Framhaldsskóli
Gunnubúð (hverfisbúðin), Öryggi
Þægilegt að þekkja alla
Fjölbreytileg störf
Þekkja allir alla, Náið samfélag
Gott skólakerfi
Aðstoð með erfiðar aðstæður
Hef alltaf búíð þar, Stutt að fara
Skemmtilegir viðburðir

ÝTIAFL

Ekki mikil fjölbreytni í íþróttum
Lítið úrval af íþróttum
Skólakerfið í grunnskólanum
Grunnskólastjórnendur
Neikvæða tuðið stanslaust
Dómhart samfélag, Fáar atvinnur
Læknisaðstoð, Dýr verslun
Mikið af rusli, Léleg sveitarstjórn
Óöryggi, Neikvæðni
Lítið samfélag, Slúður
Val á íþróttum ekki jafn fjölbreytt og annarsstaðar. Ekki nóg af húsnæði
Fordómar, Einelti
Ekki nóg gert fyrir unga fólkið
Ekki eins mikið úrval og fyrir sunnan
– afþreying, verslun, íþróttir




Hér má sjá sömu þættina
speglast, nálægðin í
samfélaginu bæði tosar og
ýtir. Það er þægilegt að
þekkja alla en lítið samfélag
getur kallað á slúður...

Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLSINS

ALLIR ÍBÚAR ÞURFA AÐ GETA
TILHEYRT - HVERNIG?

Samvinna, treysta hvort öðru, umhyggja, vinátta,
félagslíf

LEIÐTOGAR VERÐA AÐ MÓTA
SAMFÉLAG FYRIR ALLA - HVERNIG?

Vera sýnilegir, kurteisir, opnir, hjálpsamir,
jákvæðir

ÞAÐ ÞARF AÐ FAGNA LITLU SIGRUNUM
- HVERNIG?

Veita því athygli sem er gert t.d. þegar fyrirtæki
er stofnað í bænum

HUGARFLUG

HVERNIG VILJIÐ ÞIÐ BÆTA YKKAR
SAMFÉLÖG

Meiri virðing, betri gangstéttir, fleiri
afþreyingar möguleikar
Meiri fjölbreytni, gott skólakerfi, virkt
félagslíf

HVERNIG ÆTTI SVEITARFÉLAG AÐ
LEITA AÐ ENDURGJÖF FRÁ ÍBÚUM?

Skemmtilegir atburðir,
tölvupóstur, ná til
fjölbreytts aldurs

ÞAÐ ÞARF AÐ STUÐLA AÐ
HEILBRIGÐUM SAMSKIPTAMYNSTRUM -
HVERNIG?

Virðing, jákvæðni, hjálpssemi, fordómaleysi,
samvinna

ÞAÐ ÞARF AÐ LAÐA AÐ OG
HVETJA BARNAFÓLK TIL AÐ
FLYTJA - HVERNIG

Gott skólakerfi / leikskólar
Fjölbreytt vinna, öryggi, umhyggja, gott
samfélag

ÞAÐ ÞARF AÐ...


...viðurkenna mistökin en ekki
reyna að fela þau
...fá fleiri ruslatunnur
...fá fleiri sjónarhorn á málin



Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



BYGGÐA BRAGUR

VERKFAERAKISTA UNGA FÓLSINS

Ungmennin fengu fræðslufyrirlestur um slúður, hvernig það virkar sem vald í samfélaginu og í hópum. Einnig var fjallað um valdið í orðunum, drusluskömmun, kynjað slúður og hvernig við sem samfélag getum brugðist við slúðri. Þau fengu svo nokkrar hugleiðingar til að vinna með.

HVERNIG MÁ MINNKA SLÚÐUR?

Vanda orðin sín, ekki tala um hluti sem koma þér ekki við

HVERNIG MÁ VINNA GEGN DRUSLUSKÖMMUN?

Taka ekki þátt í henni og standa á móti henni

AF HVERJU SKAMMAST FÓLK SÍN Í SAMFÉLAGINU?

Framhjáhald, glæpir, brjóta samfélagsreglur. Fólk forðast ýmsar aðstæður [vegna skömmunar]

HVERNIG ERU FÉLAGSLEGAR REGLUR UM KLÆÐABURÐ

Það er slúður um fólk sem stendur út, sem klæðist öðruvísi

HVERNIG ER FÉLAGSLEG FORÐUN ÚT AF SLÚÐRIÐ

Fólk forðast félagslega atburði, sleppir skóla, forðast samtöl við fólk

HVERNIG BREGÐIST ÞIÐ VIÐ SLÚÐRI?

Fer eftir því um hvern er talað, leiðinlegt með sjálfan sig

AF HVERJU SLÚÐRUM VIÐ?

Gaman, forvitni, egó

SAMFÉLAGSMIÐLAR OG SLÚÐUR

Ekki segja eitthvað sem þú myndir ekki segja í persónu! Notað samfélagsmiðla skynsamlega

HVERNIG VIRKAR SLÚÐUR Í ÞÍNU SAMFÉLAGI?


Slúður er mjög virkt! konur sem karlar, aðallega konur samt. Aðallega neikvætt slúður.

HVAÐA HEGÐUN ÆTTI AÐ GILDA Í HÓPUM

Vera almennilegur. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig!

Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




BYGGÐA BRAGUR


VERKFAERAKISTA
UNGA FÓLKSINS



Rannsóknarsetrið þakkar þátttakendum, bæði ungmennum og sveitarfélögunum sem löðgu verkefninu liðsinni. Einnig SSNE fyrir verkefnastyrk til að framkvæma vinnustofuna og Stéttinni á Húsavík fyrir afnot af aðstöðu. Byggðabragur unga fólksins er mikilvægur, þeirra skoðanir þarf að hlusta á og virða. Þetta verkefni er fyrsta skrefið og vonir standa til að rannsaka og skoða frekar, til að bæta í verkfærakistuna.



HVERSU FRÁBÆR
UNGMENNI!!! TAKK FYRIR
ÞÁTTTÖKUNA



Rannsóknarsetur í
byggða- og
sveitarstjórnarmálum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY